

# LÖG

## um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

### 1. gr.

B-liður 2. mgr. 70. gr. laganna orðast svo: að sýnt sé fram á að öflun stofnfjárlutarins sé liður í eflingu samvinnu milli sparisjóða í landinu eða sparisjóða innan Evrópska efnahags-svæðisins.

### 2. gr.

2. mgr. 75. gr. laganna orðast svo:

Sjálfseignarstofnun fer þó með atkvæðisrétt í samræmi við hlutfjáreign sína.

### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 76. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Fyrir fund stofnfjáreigenda skv. 1. mgr. 73. gr. verða engar skuldbindandi ákvarðanir teknar fyrir hönd sjálfseignarstofnunarinnar.
- b. 2. og 3. mgr. orðast svo:

Í stjórn sjálfseignarstofnunar skv. 1. mgr. skulu eiga sæti tveir fulltrúar sveitarfélags þar sem sparisjóðurinn á heimilisfesti við breytingu hans í hlutfélag, einn fulltrúi tilnefndur af fjármálaráðherra og tveir fulltrúar tilnefndir af viðskiptaráðherra. Stjórnin, þannig skipuð, velur sér formann og fer með hagsmuni sjálfseignarstofnunarinnar frá og með fundi stofnfjáreigenda skv. 1. mgr. 73. gr. Stjórnartími skal vera fjögur ár nema annað sé ákveðið í samþykktum. Minnst tveimur mánuðum fyrir lok stjórnartíma skal formaður stjórnar afla nýrra tilnefninga skv. 1. málsl.

Fyrir fund stofnfjáreigenda skv. 1. mgr. 73. gr. skal sparisjóðurinn hafa aflað tilnefninga skv. 2. mgr. þessarar greinar.

### 4. gr.

2. mgr. 101. gr. laganna orðast svo:

Samruni sparisjóðs við annað fyrirtæki eða einstaka rekstrarhluta þess er því aðeins heimill að sparisjóðnum hafi áður verið breytt í hlutfélag samkvæmt ákvæðum VIII. kafla, nema þegar um er að ræða samruna tveggja eða fleiri sparisjóða sem ekki hefur verið breytt í hlutfélag eða hlutfélög.

### 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 3. gr. taka þó ekki til sparisjóða þar sem stofnfjáreigendafundur hefur þegar tekið ákvörðun um hlutfélagavæðingu skv. 73. gr. laganna.

*Gjört í Reykjavík, 6. febrúar 2004.*

**Davíð Oddsson.**

**Halldór Blöndal.**  
(L. S.)

**Markús Sigurbjörnsson.**

*Valgerður Sverrisdóttir.*